

Fréttatilkynning LBS nr. 4/2006  
15. maí 2006

## VIÐBRÖGD VIÐ FUGLAFLENSU ÁHÆTTUSTIG I

### Breyting á viðbúnaðarstigi vegna fuglaflensu

Með vísan til þess að ekki hefur verið staðfest tilvik fuglaflensu (Avian Influenza af H5N1 stofni) á Íslandi hefur landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Landbúnaðarstofnunar, ákveðið að aflétta þeim ráðstöfunum sem mælt var fyrir um í auglýsingu nr. 268/2006 um tímabundnar varnaðaraðgerðir til að fyrirbyggja að fuglaflensa eða Avian Influenza berist í alifugla. Með því að aflétta þessum ráðstöfunum er m.a. ekki lengur gerð krafa um að hýsa alla alifugla.

Ákvörðun Landbúnaðarstofnunar um að leggja til breytingu á viðbúnaðarstigi vegna fuglaflensu byggist á því að nú liggur fyrir að fuglaflensa hefur ekki greinst í yfir 240 sýnum sem tekin hafa verið úr villtum fuglum hér á landi. Þá hafa niðurstöður úr greiningu fjölda sýna úr villtum fuglum á Bretlandseyjum ekki gefið tilefni til að ætla að fuglaflensa hafi náð þar fótfestu. Í samræmi við þessar niðurstöður er það mat Landbúnaðarstofnunar að rétt sé að færa viðbúnað vegna fuglaflensu aftur á áhættustig I. Stofnunin mun hins vegar halda áfram sýnatökum, greiningum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að fylgjast með þróun mála varðandi útbreiðslu fuglaflensu.

Þrátt fyrir að ráðstöfunum samkvæmt framangreindri auglýsingu sé nú aflétt er athygli alifuglaeigenda vakin á því að þær aðgerðir, sem mælt var fyrir um í henni, kunna að verða endurvaktar með skömmum fyrirvara ef stjórnvöld telja ástæðu til vegna hættu á smiti. Einnig er vakin athygli á að finnist tveir eða fleiri dauðir fuglar á sama stað, skal tilkynna það án tafar til Landbúnaðarstofnunar (héraðsdýralæknis), sem tekur ákvörðun um aðgerðir. Jafnframt skal forðast að handleika dauða fugla.

Fréttatilkynning LBS nr. 4/2006